

1869.

11. febrúar.

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um leyfi til að verzla við frakkneska fiskimenn.

Með bréfi dagsettu 30. októbermán. f. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem Hákon Bjarnason, verzlunarstjóri á Þingeyri við Dýrafjörð í Ísafjardarsýslu, sækir um leyfi til að mega koma upp sölubúð á Sveinseyrarodda, sem liggur við sama fjörðinn, og selja frakknesku fiskimönnum þaðan ýmsa hluti, sem þeir þyrftu með, einkum alls konar tóbak, kaffi, sikur, áfenga drykki, tjöru, hamp, steinkol og annað sem þyrfti til skipanna, og vetlinga og sokka handa skipshöfnunum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér auglýsið það, að samkvæmt lögum þeim, sem nú eru í gildi, verður slíkt leyfi ekki veitt.

11. febrúar.

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa skotmannaféluginu í Reykjavík til bissukaupa.

Með bréfi dagsettu 15. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem skotmannafélag nokkurt, sem stofnað hefir verið í Reykjavík, sækir um að fá nokkrar „Minie“-bissur með sömu kjörum og skotmannafélögin hér í landi. Hafið þér lagt fram með, að skotmannaféluginu annaðhvort verði útvegaðar 10 til 20 „Minie“-bissur að láni hjá herliðsstjórninni, með því skilyrði, að þeim verði skilað aptur óskemmdum, þegar þess verður krafizt, eða að félaginu verði veittur 100 rd. styrkur til þess að kaupa sèr „Minie“-bissur, með þeim skilmála, að, ef lærisveinunum í Reykjavík skóla seinna meir kynni að verða veittur kostur á að efa sig á að fara með bissur, félagið láti þá borgunarlaust fram bæði bissurnar, sem það kaupir, og skotbraut þá og skothýsi, sem það hefir komið upp, til afnota við slíkar æfingar.

1869.

11. febrúar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér auglýsið það, að stjórnarráðið veitir skotmannafélagi því, sem stofnað hefir verið í Reykjavík, 100 rd. til þess að kaupa „Minie“-bissur fyrir, með þeim skilmála, sem þér, herra stiptamtmaður, hafið vikið á, og skal því við bætt, að landfógetanum hefir í dag verið boðið að borga upphæð þessa af fé því, sem veitt er til óvissra útgjalda handa Íslandi.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um foringja fyrir dönskum herskipum, er hafa stöðvar við Ísland.

11. febrúar.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi árið 1867 hafið sent hingað bænarskrá frá þinginu um fiskiveiðar útlendra manna við strendur Íslands, hafið þér í álitsskjali yðar um tæða bænarskrá, dagsettu 26. septembermán. 1867, álitid tilefni til að vekja athygli á því, að það mundi vera mjög svo æskilegt, að fyrir herskip það, sem þér treystið að sent verði á ári hverju til Íslands vegna þess, hversu árið-andi það er, að danskt herskip hafi stöðvar við Ísland, að því er snertir umsjón með yfirgangi útlendra fiskimanna, verði settur sami yfirforingi og sami annar foringi fleiri ár samfleytt, því að, þegar þeir fyrsta árið eru búnir að koma við á ýmsum fjörðum í landinu og hafa kynnt embættismönnunum og vel metnum mönnum á hinum viðáttumiklu ströndum landsins, þá mundu þeir hin árin á eftir verða miklu færari um, að hafa umsjón með fiskimönnunum kringum landið.

Nú er dómsmálastjórnin hafir farið þess á leit við sjóliðsstjórnina, að hún framvegis, þegar hún skipar yfirforingja og annan foringja yfir herskipi því, sem hefir stöðvar við Ísland, taki þessa ósk yðar, herra stiptamtmaður, til greina, eins og verða má, þá hefir sjóliðsstjórnin að einu leytinu lýst yfir, að hún kannist við, að það sé mjög svo æskilegt, að sent verði á